

Miðvikudaginn 21. október 1992.

Nr. 289/1992. **Sigurður Kárason**

gegn

**Birni Ólafi Hallgrímssyni og**

**Sigurði Magnússyni.**

Kærumál. Nauðungaruppboð. Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. júní 1992. Áfrýjað er öðru og síðara uppboði á fasteigninni Suðurgötu 22 á Sauðárkróki, þinglesinni eign sóknaraðila, sem fram fór í uppboðsrétti Sauðárkróks 4. júní 1992. Samkvæmt 4. mgr. 97. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu sætir málið meðferð kærumála eftir 1. júlí 1992 og hefur verið skriflega flutt.

Í greinargerð kveðst sóknaraðili kæra „til niðurfellingar uppboðsmeðferð á fasteigninni Suðurgötu 22, Sauðárkróki, sem fram fer að kröfu Björns Ólafs Hallgrímssonar hrl“.

Af hálfu varnaraðilans Björns Ólafs Hallgrímssonar er aðallega krafist frávísunar málsins frá Hæstarétti, en til vara er krafist sýknu af dómkröfum sóknaraðila. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Varnaraðilinn Sigurður Magnússon hefur ekki gert kröfur í málinu né skilað greinargerð.

Annað og síðara uppboð fór fram á hinni umræddu eign 4. júní 1992, og var eftirfarandi bókað í þingbók uppboðsréttar:

„Fyrir var tekið: ....

Uppboðsmálið nr. 30/1990.

Nauðungaruppboð á Suðurgötu 22, Sauðárkróki,  
eign

Sigurðar Kárasonar.

Skjöl málsins liggja frammi í réttinum.

Lagt er fram:

Tilkynning og auglýsing í Morgunblaðinu.

Skjölin eru svohljóðandi: ....

Af hálfu uppboðsbeiðenda sækir þing Þorbjörn Árnason hdl., en af hálfu uppboðspóla er þing eigi sótt.

Fór nú fram önnur og síðari sala eignarinnar.

Að kynntum uppboðsskilmálum var leitað boða í eignina.

...

Sigurður Magnússon bauð kr. 1.250.000. Frekari boð bárust ekki, en Þorbjörn Árnason f. h. umbjóðanda síns óskaði þriðju og síðustu sölu.

Þriðja og síðasta sala er ákveðin þriðjudaginn 30. júní nk. kl. 10.00.“

Í staðfestu ljósriti úr fasteignabók 8. október 1992 kemur fram, að 28. janúar 1991 er þinglýst á eignina veðskuldabréfi Halldórs Þ. Snælands á 3. veðrétt, 1.500.000 krónum, og fjárnámi Bakarís Friðriks Haraldssonar 10. febrúar 1992 á 4. veðrétt, 20.603 krónum. Samkvæmt 3. tl. 8. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð eru meðal aðila uppboðs veðhafar og þeir aðrir, sem tjá sig eiga réttindi í söluverðmætum og koma fram fyrir uppboðshaldara í því skyni, sbr. 2. gr. laga nr. 90/1991. Af áfrýjunarstefnu kemur fram, að ofangreindum veðhöfum hefur ekki verið stefnt til varna í Hæstarétti.

Með hliðsjón af framansögðu verður ekki hjá því komist að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila Birni Ólafi Hallgrímssyni kærumálskostnað eins og í dómsorði greinir, en þá hefur ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sigurður Kárason, greiði varnaraðila, Birni Ólafi Hallgrímssyni 35.000 krónur í kærumálskostnað.

---